


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	FÉLA3ML05 Mannréttindi og lýðræði Námsáætlun - Haustönn 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4		

Kennarar	Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir og Þorsteinn Krüger	Sk.st.	VAL, ÞOK
-----------------	---	---------------	----------

Áfangalýsing:

Fjallað er um mannréttindi og lýðræði að fornu og nýju. Sagan er rakin í grófum dráttum frá klassískri fornöld til nútímans með áherslu á mannréttindabaráttu síðustu alda. Mannréttindabaráttan 20. aldar verður könnuð sérstaklega og má þar nefna stofnun Sameinuðu þjóðanna og samþykkt mannréttindafirlýsingarinnar. Þá verða mannréttindi sem birtast m.a. í stjórnarskrá Íslands skoðuð m.t.t. umræðu í nútímanum um mannréttindi og meint brot á þeim gagnvart ýmsum hópum og einstaklingum á Íslandi. Gerð verður grein fyrir alþjóðlegum mannréttindasamningum og sáttmálum sem Ísland á aðild að og ljósi varpað á orðræðu nútímans um mannréttindi og skort á þeim bæði hér á landi og vítt og breitt um heiminn. Áhersla á að tengja námsefnið reynsluheimi nemanda, auka víðsýni hans og rökhugsun og sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Nemandinn þjálfast í heimildavinnu- og rýni af ýmsu tagi.

Markmið:

Þekkingarviðmið


Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grundvallarhugtökum eins og náttúrurétti, borgararétti, lýðræði, þegnskyldu og samfélagsvitund.
- upphafi og þróun lýðræðis- og mannréttindahugmynda meðal fornþjóða.
- tengslum mannréttinda nútímans við hugmyndir upplýsingaraldar.
- helstu mannréttindafrömuðum síðustu áratuga, baráttu þeirra og áhrifum.
- helstu mannréttindasáttmálum sem Ísland á aðild að.
- orðræðu samtímans um mannréttindi og lýðræði vítt og breitt um heiminn.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa fræðilega texta á íslensku og ensku um efni áfangans.
- nota veraldarvefinn og bókasafn til að afla sér dýpri fræðilegrar þekkingar á ýmsum efnispáttum áfangans.
- ræða og rita um lýðræðis- og mannréttindamál af víðsýni og kunnáttu.
- beita sjálfstæðum vinnubrögðum við öflun heimilda og úrvinnslu þeirra.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 4		
FÉLA3ML05 Mannréttindi og lýðræði Námsáætlun - Haustönn 2019		

- miðla þekkingu sinni um efni áfangans til annarra með fjölbreyttum hætti.


Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vera virkur og ábyrgur borgari í lýðræðislegu samfélagi.
- taka þátt í rökræðum og skoðanaskiptum við aðra um samfélagsleg málefni af fordómaleysi og víðsýni.
- skilja betur samfélag sitt og geta sett sig í spor annarra sem búa við lakari kjör.
- sýna þroskaða siðferðisvitund og virðingu í samskiptum við aðra og gagnvart samfélaginu.
- beita gagnrýninni hugsun á samfélagsleg álitafni.


Námsgögn:

Tegund	Námsgögn
Bækur	Engin sérstök námsbók er í þessum áfanga, en nemendur þurfa að lesa sér til í ýmsum bókum sem varða efnið á bókasafni.
Tímarit	Innlend sem erlend tímarit sem fjalla um efnið.
Myndbönd	Myndbönd sem fjalla um mannréttindamál.
Ljósrit (afhent)	Ljósrituð hefti og ýmis önnur gögn sem kennari afhendir.
Annað	Heimildir á veraldarvefnum.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4		
FÉLA3ML05 Mannréttindi og lýðræði Námsáætlun - Haustönn 2019		

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
34. – 35. vika	Námsáætlun og umfjöllunarefni áfangans kynnt. Almennar umræður um mannréttindi og lýðræði.	Mannréttindavaktin – Verkefnið kynnt og vikum deilt niður á nemendur 20%
36. vika	Uppruni lýðræðis og tilgangur. Fyrstu hugmyndir um mannréttindi, stóuspekin, Rómverjar og borgararétturinn.	
37. vika	Um eðli ríkisvalds, Locke, Montesquie, Hobbes, Paine.	Kynning nemenda: Efni lagt fyrir 15%
38. - 39. vika	Nemendur undirbúa kynningar og flytja í 39. viku.	
40. vika	Mannréttindayfirlýsingar, Frakkland, stofnun BNA, stjórnarskrár og frelsisbarátta 19. aldar.	Ritgerðarefni kynnt.
41. - 43. vika	Kenningar um frelsið, J.S. Mill. Aðgerðir	Aðgerðir („herferðir“) á sviði mannréttindamála í samvinnu við Amnesty International 25%
44. vika	Sameinuðu þjóðirnar, Mannréttindayfirlýsing S.þ. Stjórnarskrá Íslands og mannréttindakafliinn skoðaður sérstaklega.	Skilaverkefni 5%
45. vika	Umræður um ákveðin mannréttindamál Lokavinna við ritgerð	Hugleiðingar 5% Ritgerð skilað fös. 8. nóv.
46. vika	Evrópusambandið, Mannréttindadómstóll Evrópu.	
47. vika	Ýmsar mannréttindayfirlýsingar skoðaðar og þær bornar saman.	Verkefni skilað um mannréttindatexta 10%

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4		
FÉLA3ML05		
Mannréttindi og lýðræði		
Námsáætlun - Haustönn 2019		

48. - 49. vika	Mannréttindasáttmálar sem Ísland á aðild að. Mannréttindabaráttá einstaklinga og ýmissa samtaka. Samantekt og umræður um áfangann og efni hans. Samantekt áfanga.	Sjálfsmat 5%
----------------	--	--------------

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Námsmat	Lýsing		Vægi %
Fyrirlestur	Kynningar á völdu efni, einn til tveir nem. saman. Flutningur fer fram í 39. viku. Aðeins þessi vika fyrir þessar kynningar.		15
Ritgerð	Heimildaritgerð, 4 til 6 bls. í meginmál. Skiladagur er föstudagur 8. nóv.		20
Skilaverkefni	Uppruni mannréttinda – samanburður á mannréttindatextum.		10
Aðgerðir	Aðgerðir („herferðir“) á sviði mannréttindamála		20
Mannréttindavaktin	Nemendur gera grein fyrir fréttum vikunnar um mannréttindamál.		20
Sjálfsmat	Nemendur meta eigin frammistöðu og árangur í áfanganum.		5
Umræður	Umræður um mannréttindamál, skila hugleiðingum		10
Annað: Ath. að skila verkefnum á réttum tíma. Um verkefnaskil: Sjá moodlesiðu áfangans.			

Námstillöggun: Athugið að þetta er símatsáfangi og þar af leiðandi er ekkert lokapróf. Áfanginn byggir á fyrirlesturum nemenda og kennara og mikilli verkefnavinnu innan og utan kennslustunda, því verður að gera kröfu um öguð og sjálfstæð vinnubrögð og að nemendur mæti vel undirbúnir í tíma. Glætur og ýmislegt annað efni verður aðgengilegt á Moodle kennsluvefnum. Lagt fram með fyrirvara um hugsanlegar breytingar, jafnframt með frófum óskum um gott samstarf og gengi.

Valgerður Dögg Oddudóttir (vala@vma.is)

Þorsteinn Krüger (kruger@vma.is)

Dagsetning:

Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

 19.08.2019